

Fréttapistill frá forseta Íslands

18. febrúar 2020

Þessi þriðjudagsmorgunn er svo fallegur hér á Álftanesinu að lægðir og óveður gleymast nánast, bylurinn, rokið og bísingurinn. Já, það segir sína sögu hvað við eigum mörg orð um veður og vinda og bendi ég í þessum efnum til dæmis á stórskemmtilegt rit Þórðar Tómassonar í Skógum, Veðurfræði Eyfellinga.

Nýliðna viku hóf ég á að sækja afmælisguðsþjónustu í kirkju Óháða safnaðarins í Reykjavík. Sá söfnuður varð til árið 1950, fyrir réttum 70 árum, þegar hópur sóknarbarna í Fríkirkjunni í Reykjavík sætti sig ekki við lyktir prestskosninga þar. Sr. Emil Björnsson var fyrsti prestur Óháða safnaðarins og nú gegnir Pétur Þorsteinsson þeim starfa. Ég þakka góðar móttökur, fallega tónlist og fjörlega messu í alla staði. Við erum öll óvenju alvarleg á myndinni sem fylgir hér að neðan.

Þriðjudaginn 11. febrúar var haldið upp á dag íslenska táknmálsins og þann dag fagnaði Félag heyrnarlausra á Íslandi jafnframt sextugsafmæli. Á Bessastöðum komum við saman allnokkur þennan dag og undirrituðum Sáttmála alheimssamtaka heyrnarlausra um rétt allra til táknmáls. Heiðdís Björk Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, bar hitann og þungann af undirbúningi viðburðarins með samstarfsfólki sínu. Vigdís Finnbogadóttir sótti viðburðinn sem verndari íslenska táknmálsins og Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra vakti verðskuldaða athygli fyrir að tala til gesta á táknmáli við upphaf erindis síns. Mér þykir mjög vænt um að við undirrituðum þennan réttindasáttmála á Bessastöðum, þjóðhöfðingi og ráðherra, og því má bæta við að Ísland varð þar með fyrst ríkja til að stíga það skref. Í ávarpi rifjaði ég m.a. upp heimildir til forna um heyrnarlausa og heyrnarskerta:

„Frá upphafi vega hefur fólk fæðst með skerta heyrn eða enga, misst hana á lífsleiðinni eða fundið hana minnka. Í Heimskringlu Snorra Sturlusonar segir frá því að Óðinn kunni svo gera, að í orustu urðu óvinir hans blindir eða daufir, og má af því ráða að fötlun þótti hamla köppum á vígvelli. Gleymum þó ekki hinu sem segir í Hávamálum um getu heyrnardaufra til að berjast af sama mætti og aðrir:

Haltur ríður hrossi,

hjörð rekur handarvanur,

daufur vegur og dugir ...

Þarna var þeim sannindum hampað að fólk þarf ekki að láta bugast af hvers kyns hömlum.

Sem betur fer er það ekki lengur lofað að vega mann og annan en hitt er óbreytt að þeim, sem búa við einhvers konar fötlun, má alls ekki vera útskúfað úr samfélaginu. Allir eiga rétt á að lifa við reisin, njóta sömu skilyrða og aðrir til að sýna hvað í þeim býr.“

Nánari upplýsingar um viðburðinn má lesa hér: <https://www.forseti.is/.../2020-02-11-al%C3%BEj%C3%B3%C3.../>. Á myndinni að neðan sést Kolbrún Völkudóttir flytja Kvæðið um fuglana eftir Atla Heimi Sveinsson, við ljóð Davíðs Stefánssonar.

Síðastliðinn þriðjudag afhenti ég einnig Guðrúnu Hildi Bjarnadóttur ljósmóður riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu, sem hún var sæmd á nýársdag en gat ekki veitt viðtöku þá. Þessi heiður hlotnaðist Guðrúnu fyrir framlag til heilbrigðisþjónustu í heimabyggð og ítreka ég heillaóskir til hennar og hennar fólks.

Loks er þess að geta að þennan þriðjudag fyrir rétttri viku var einnig haldið upp á 112-daginn og sótti ég athöfn af því tilefni í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð í Reykjavík, hlýddi á Lögreglukórinn, afhenti grunnskólabörnum verðlaun í eldvarnasamkeppni og færði skyndihjálparamanni ársins einnig verðskuldaða viðurkenningu. Í ár féll hún í hlut Hilmars Elissonar sem kom meðvitundarlausum manni á botni sundlaugar til bjargar. Rétt viðbrögð Hilmars og annarra á vettvangi skiptu sköpum.

Á fimmtudaginn var tók ég á móti hópi norrænna laganema á Bessastöðum, ræddi við þá um íslenska stjórnskipun, hugmyndir um endurskoðun stjórnarskrárinnar að fornu og nýju og annað sem gestirnir höfðu hug á að ræða um.

Síðdegis hlotnaðist mér svo sá mikli heiður að ávarpa Hildi Guðnadóttur, tónskáld og Óskarsverðlaunahafa, á Hugarflugi, árlegri ráðstefnu Listaháskóla Íslands. Í stuttu ávarpi óskaði ég Hildi til hamingju með alla þá vegsemd sem hún hefur með réttu hlotið að undanfögnu, og lofaði einnig hógværð hennar og þau sterku skilaboð sem hún flutti í þakkarræðu sinni á verðlaunahátíðinni í Hollywood. Að minni kynningu lokinni ræddi Friða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands, við Hildi um list hennar og líf, sýn á kvikmyndaheiminn og framtíðaráform. Mér fannst sérlega gaman og fróðlegt að hlusta á þær, rektor og hollvin skólans, og naut þess yfirleitt að koma aftur í Listaháskólann. Þar var ég síðast við útskriftarathöfn í fyrra, á 20 ára afmæli skólans. Þá flutti ég erindi sem lesa má hér:

https://www.forseti.is/.../2019_06_15_listahaskoli... Þar sagði ég m.a.:

„Samfélag án listar er fátækt samfélag. Hér er þó einn fyrirvari: Ég á ekki við að allt listafólk eigi alltaf að fá allan þann stuðning sem þarf til að gera það sem því sýnist. Það er ómögulegt. Það gengur ekki og það er ekki sanngjarnt því að fjölmörgu öðru þarf að sinna í öflugum þjóðfélagi. Og þótt ég taki ekki undir þá klisju að fátækt og basl dragi fram hið sanna og fagra í hverjum listamanni er það nú samt svo að engum er hollt að fá allt upp í hendurnar, að þurfa ekki að hafa fyrir hlutunum. Við þurfum að vera þrautseig, kunna að mæta mótlæti, eflast við raun. ... Framtíðin er óviss, í því felst einmitt fegurð hennar. Vissulega geta áföll dunið yfir, vonbrigði og andstreymi mætt okkur. Þess vegna þurfum við einmitt að hjálpast að – og látið ekki biturð ná tókum á ykkur, tortryggni og þrá eftir því sem liðið er og kemur ekki til baka. Ekki falla í þá gryfju síðar meir að halda að allt hafi verið svo miklu betra þegar þið sjálf voruð upp á ykkar besta, þegar þið voruð að útskrifast eða þegar þið voruð kannski á hátindi listar og valda.“

Á föstudagskvöld fórum við Eliza í leikhús með tvö yngstu börn okkar og skemmtum okkur vel á Þínu eigin leikriti II í leikstjórn Stefáns Halls Stefánssonar eftir sögu Ægis Þórs Benediktssonar. Síðastliðinn laugardag hélt ég að Gljúfrasteini og afhenti

Íslensku þýðingaverðlaunin. Jón St. Kristjánsson hlaut þau í ár og er vel að þeirri vegsemd kominn. Jóni mæltist vel í þakkarræðu og okkur fannst greinilega mjög gaman að standa í þessu afhendingarstússi. Jón þýðir ekki aðeins heimsbókmenntir heldur snarar hann líka Andrésí önd á íslensku sem berst vikulega á mitt heimili og er lesinn upp til agna. Þakka ber að þar er líka vandað til verka. Í stuttu ávarpi fjallaði ég um mikilvægi þýðinga, hvernig þær byggja brýr milli menningarheima og fá okkur til að skilja að ekkert er nýtt undir sólinni. Ég sagði m.a.:

„Stöldrum við á Bessastöðum, ekki vegna þess að ég kem þaðan í krafti míns embættis, heldur vegna þess að þar var öldum saman þýðingarsetur. Snorri fékk innblástur úr latínuritum sínum þegar hann hófst handa við skrif á eigin máli. Öldum síðar sat Sveinbjörn Egilsson á Bessastöðum og sneri Hómerskviðum á okkar tungu. Fléttast þar saman forngrísk snilld og íslensk. Í hellinum, sem Odysseifi var haldið föngrum, höfðust sauðir einnig við. Þeir voru „ullarmiklir, fríðir og fönngulegir, þeir voru mórauðir,“ segir Sveinbjörn og er ekki trúlegast að hann hafi séð fyrir sér væna íslenska sauði þegar hann festi þá þýðingu á blað? Svo kom „hin árrisula, rósfingraða morgungyðja“ í ljós. Í Grikklandi og víðar við Miðjarðarhaf var það svo í fornöld og er enn um okkar daga að nokkru fyrir sólarupprás renna ljósrauðar rákir um himinhvolfið. Þær teygja sig líkt og fingur og því lýsti Hómer en frá Bessastöðum má líka sjá loftið roðna þegar sól skriður yfir Móskaðshnúka, Vífilfell og Bláfjöll. Sveinbjörn skildi vel hvað Hómer hafði meint miklu fyrr, og allt annars staðar, og kom því til skila á svo fögru máli að lofa verður þá jafnt, þýðandann og skáldið.“

Nýliðinni viku lauk svo með ljúfum tónum í Eldborg í Hörpu í Reykjavík, hátíðartónleikum Stuðmanna sem minnst þess um þessar mundir að hálf öld er frá því að þeir stigu fyrst á svið, þá ókunnir í dulargervi en nú öllum kunnir. Allan þennan tíma hafa Stuðmenn glatt landann. Rifjuðust upp þetta kvöld ljúfar minningar úr barnæsku þegar maður söng í prakkaraskap með bandinu „haltu kjafti, snúðu skafti“ og enn eru Stuðmenn að, í breyttri mynd en alltaf hressir. Fallegust var sú stund tónleikanna þegar minnst var Tómasar M. Tómassonar, bassaleikara Stuðmanna og fjölmargra annarra hljómsveita, sem lést í hittifyrri.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar og þakka lesturinn.